



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 602

Guðmundur Ólafsson

(1893-1989)

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 602

Guðmundur Ólafsson

Húsgagnameistari

Formáli

Guðmundur Ólafsson var fæddur 26. desember 1893 að Hólum í Dýrafirði. Foreldrar hans voru þau Sigríður Kristín Jónsdóttir ljósmóðir og Ólafur Guðmundsson bóndi þar.

Guðmundur fór í Núpsskóla í tvo vetur 1910-1912 og vann svo eitt ár við verslunarstörf hjá Jens Guðmundssyni á Þingeyri. Þá fór hann til Reykjavíkur og hugði á nám í Verslunarskólanum, en fór svo í kaupavinnu til að vinna fyrir skólanum. Umsóknin um skólavistina fórst fyrir og var hann þá ráðinn í trésmíðanám til Eyvindar Árnasonar. Ekki féll Guðmundi við vinnuna og hætti þar eftir eitt og hálft ár. Þá tók Jón Halldórsson, sem hafði stofnað húsgagnaverkstæðið *Gamla kompaníð*, Guðmund í nám í húsgagnasmíði sem hann lauk með miklum sóma og vann við alla starfsævina.

Guðmundur kvæntist, 7. október 1928, Sesselju Einarsdóttur fædd 26. nóvember 1904, látin 31. maí 2000. Foreldrar hennar voru þau Margrét Sigmundsdóttir og Einar Eiríksson. Börn þeirra Guðmundar og Sesselju eru: Ólafur (1928), Ramon (1935-1936), Gylfi (1937), Einar Örn (1938-1943), Hrafnhildur (1943-) og Klara Kolbrún (1947-). Einnig átti Guðmundur soninn Erling. Guðmundur og Sesselja fluttu á Frakkastíg 15 í Reykjavík 1943. Guðmundur stofnaði *Trésmíðastofu Guðmundar Ólafssonar* 1929 og var bæði til húsa á Hverfisgötu 60A og Óðinsgötu 6A.

Guðmundur var listrænn að eðlisfari enda þótti hann afbragðs smiður. Hann var mjög ljóðelskur og fljúgandi hagamæltur og átti ætíð margt í pokahorninu þó hann hafi ekki haldið því mikið á lofti. Hann orti fallegt minni Dýrafjarðar sem oft er sungið á samkomum Dýrfiðinga í Reykjavík. Guðmundur Ólafsson lést 5. desember 1989.

Heimild: Afmæliskveðja: *Guðmundur Ólafsson húsgagnameistari í Morgunblaðinu* 26. janúar 1989, bls. 37, *Vísir*, 30. apríl 1933, bls. 10 og *Morgunblaðið* 4. júní 2000, bls. 37.

Afhending: Klara Kolbrún Guðmundsdóttir 4. ágúst 2016.

Innihald: Gögn frá trésmíða- og húsgangnavinnustofum, teikningar, minnisblöð, bókhaldsbækur o.fl.

Tími: 1908-1969.

Magn: 2 öskjur og 3 bókhaldsbækur.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn, bókhaldsbækur, 1912-1969.

Örk 1

Skoðunarbók fyrir Húsgagnavinnustofu Guðmundar Ólafssonar, Óðinsgötu 6B, 25. febrúar 1932.

Auglýsing frá Dýrfirðingafélaginu, um árs hátíð, 6. febrúar 1964.

Kauptaxtar verkamanna, 1969.

Vísa til vistmanna á Kvíabryggju frá Meyjarskemmuni, án árs.

Reikningur, 1969.

Grafskrift Jóns G. Ólafssonar, 26. febrúar 1963.

Kauptaxtar Dagsbrúnar, 1968.

Landsvirkjun. *Burfell Hydroelectric Project*, bæklingur, 1968.

Ökupór, blað Félags íslenskra bifreiðaeigenda, 1966.

Teikningar af húsgögnum og innréttingum, myndir, minnisblöð, reikningar o.fl., 1932-1969.

Bókhaldsbækur

Höfuðbók nr. I, 1. október 1932 til 1936. Fremst í bókinni er eignareikningur, efnahagsreikningur og víxlareikningur frá 1936 og eignareikningur og vörutalning frá 1937.

Höfuðbók- aðalbók, 31. janúar til 2. júní 1936.

Dagbók, 1. apríl 1912 til 25. september 1919. Í bókinni er líka nafnalisti yfir börn Guðmundar, teikningar o.fl.

Guðmundur Ólafsson frá Hólum. Sjóðreikningsbók nr. A, 1. nóvember 1915 til 31. desember 1923.

Askja 2

Bókhaldsbækur, 1913-1945.

Dagbók, júní 1930 til 1951.

Guðmundur Ólafsson. Vinnulaun, 30. desember 1916 til 6. nóvember 1917.

Guðmundur Ólafsson. Vinnulaun o.fl., 1929 til 31. desember 1937.

Vinnubók nr. II, 3. júlí 1935 til 1943.

Guðmundur Ólafsson húsgagnasmiður. Vinnubók, 1942.

Guðmundur Ólafsson, Arnarvogi. Vinnubók, 1943.

Guðmundur Ólafsson, Frakkastíg 15. Vinnulaun 3. janúar 1944 til 23. desember 1945.

Guðmundur Ólafsson frá Hólum. Viðskiptabók, 1. október 1913 til 2. janúar 1923. Aftast í bókinni er upptalning á trésmíðaverkfærum.

Guðmundur Ólafsson húsgagnasmiður. Viðskiptabók, 2. janúar 1924 til 31. desember 1930. Bókin nær yfir tímabilið 1924-1929 á Hverfisgötu 60A og 1929-1930 á Óðinsgötu 6A. Aftast er framtal til tekju- og eignaskatts 1930.

Viðskiptamannabók, 6. janúar 1936 til 14. febrúar 1942.

Guðmundur Ólafsson, trésmíðastofa Óðinsgötu 6. Útgjöld, (bók), 3. janúar 1933 til 1941.

Afgreiddir munir, bók, 4. janúar 1935 til 7. desember 1935.

Húsaleiga o.fl. og skattframtal, bók, 1936-1938.

Smíði og viðgerðir, bók, febrúar 1939? til 31. desember 1941.

Askja 3

Bókhaldsbók 1935-1936.

Trésmíðarvinnustofa Guðmundar Ólafssonar Óðinsgötu 6b. Sjóðbók, 2. janúar 1935 til 31. janúar 1936.

Askja 4

Bókhaldsbók 1936-1937.

Dagbók, 2. janúar 1936 til 8. mars 1937.

Askja 5

Prentað mál 1907-1908.

Frem: Kundskab er magt, tímarit, 10. árgangur, nr. 52, 1907 til 11. árgangur, nr. 51, 1908 (bók)..

Skráð í september 2016
Gréta Björg Sörensdóttir